

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
b.t. Ellisifjar Bjarnadóttur  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 29. júlí 2022  
UST202207-150/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Gatfellsskáli, Skjaldborg og Lambahlíðar**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir fjallaselin Gatfellsskála og Skjaldborg í Bláskógabyggð og Lambahlíðar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samkvæmt skipulagslýsingu verður heimilt að stækka Gatfellsskála úr 33 m<sup>2</sup> í 100 m<sup>2</sup> eða byggja nýjan allt að 100 m<sup>2</sup> skála. Gisting verður fyrir 20 gesti og heimilt verður að halda við hestúsi og vera með tvö hestagerði. Við Skjaldborg verður heimilt að stækka báða skálana úr annars vegar 24 m<sup>2</sup> og hins vegar 19 m<sup>2</sup> í tvo 100 m<sup>2</sup> skála. Gisting verður fyrir 20 gesti í hvorum skálanum. Heimilt verður að halda við hestúsi og vera með eitt til tvö hestagerði við það. Við Lambahlíðar verða afmarkaðar lóðir fyrir núverandi skála sem og fjóra skála til viðbótar. Á hverri lóð verður heimilt að hafa allt að 50 m<sup>2</sup> hús og gistingu fyrir allt að 10 manns.

Í greinargerð kemur fram að skálarnir eru allir innan svæðis sem er nr. 740 á náttúruminjaskrá og nefnist *Skjaldbreiður*. Enn fremur eru öll svæðin innan vatnasviðs Þingvallavatns en um það gilda lög nr. 85/2005 og reglugerð nr. 650/2006.

### **Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að fráveitan verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á að í 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns m.s.br., segir að taka skuli mið af aðstæðum á hverjum stað m.t.t. verndunar vatnasviðs og lífríkis vatnsins, svo sem landgerð og nálægð við vatnið. Heilbrigðisnefnd Suðurlands skal samþykkja nýjar og endurbættar fráveitur og búnað sem notaður er við meðhöndlun og hreinsun og losun skólps sem beita má á svæðinu, m.a. frá einstökum frístundahúsum og öðrum húsum. Heilbrigðisnefnd Suðurlands birtir á vefsvæði sínu leiðbeiningar um frágang fráveitukerfa og fráveitutækni sem beita má á svæðinu.<sup>1</sup>

### **Hraun**

Líkt og fram kemur í greinargerð eru öll svæðin á eða við hraunasvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr.

<sup>1</sup>[leidbeiningar hsl um fyrirkomulag skolphreinsunar vid thingvallavatn utgefnar 28072021.pdf](#)

Ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrifbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á nútímahrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruþyrifbæri sem verða fyrir röskun.

### **Umhverfismat**

Hér er um að ræða svæði sem þegar hafa verið röskuð. Umhverfisstofnun vill þó benda á mikilvægi þess að mannvirki verði látlaus og falli vel að umhverfinu, hugað verði að því að óbyggð víðerni skerðist ekki, frágangur vegna allra framkvæmda verði góður og að fráveita verði skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna eða fyrirhugað umhverfismat.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*